



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

	Reykjanesbær A56
Mótt	08.09.2020
Lykill	07.02
Málsnr.	2019051066
Ábmr.	KMK

Cognitio ehf.  
b.t. Rósbjargar Jónsdóttur  
Suðurlandsbraut 48  
108 Reykjavík

Reykjavík 3. september 2020

2009118SA KB  
Málalykill: 01.08

### Efni: Framfaravogin

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 28. ágúst 2020 var lagt fram bréf, sem að Rósbjörg Jónsdóttir, sendir sambandinu f.h. Ármanns Kr. Ólafssonar, bæjarstjóra Kópavogs, Kjartans M. Kjartanssonar, bæjarstjóra Reykjanesbæjar og Gísla H. Halldórssonar, bæjarstjóra Sveitarfélagsins Árborgar, dags. 10. ágúst 2020, þar sem óskað er eftir aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga að Framfaravoginni, ásamt fylgiskjali.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórnin þakkar erindið en telur að þær erfiðu aðstæður sem sveitarfélög glíma nú við í rekstri sínum takmarki möguleika þeirra til að taka þátt í nýjum verkefnum og gefi því ekki sambandinu tilefni til að beita sér í þessu tiltekna máli að svo stöddu. Stjórnin leggur á hinn bóginn áherslu á að skýra þarf þjónustuhlutverk Hagstofu Íslands gagnvart sveitarfélögum, ekki síst á sviði fræðslu- og velferðarþjónustu. Jafnframt bendir stjórnin á að sambandið er þátttakandi í innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og markmiða í loftslagsmálum og telur því ekki svigrúm í starfseminni að bæta við auknum verkefnum á því sviði.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

Afrit: Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs  
Kjartan M. Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar  
Gíslí H. Halldórsson, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar